

Íslandsspil sf.
Ársreikningur 2024

Íslandsspil sf.
Smiðjuvegi 11a
200 Kópavogi

kt. 671293-2589

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Íslandsspil eru rekin á grundvelli laga nr. 73/1994 um söfnunarkassa en starfsemina má rekja aftur til ársins 1972. Allur hagnaður af rekstrinum rennur til eigendanna, Rauða krossins á Íslandi og Slysavarnafélagsins Landsbjörg. Rekstur Íslandsspila hefur skipt sköpum hvað varðar fjármögnun og starfsemi framangreindra almannaeillafélaga sem gegna m.a. mikilvægu hlutverki í almannavörnum Íslands á grundvelli samninga við dómsmálaráðuneytið. Þeim samningum fylgja ekki regluleg fjárframlög frá ríkinu heldur hefur verið gert ráð fyrir því að starfsemin sé fjármögnuð með hagnaði frá Íslandsspilum.

Árið 2024 voru rekstrartekjur 1.042 milljónir króna samanborið við 1.047 milljónir króna árið 2023. Framlög til eigenda árið 2024 námu 514 milljónum samanborið við 559 milljónir árið 2023. Samkeppnisumhverfi Íslandsspila hefur þróast mjög á verri veg síðustu 10 ár og staða félagsins er veikari en nokkru sinni fyrr.

Á innanlandsmarkaði hefur íslenska ríkið í gegnum Happpdrætti Háskóla Íslands náð sífellt stærri hluta markaðarins til sín í krafti rýmri lagaheimilda sem gefa Háskólanum færi á að bjóða margfalt hærri vinninga og pottasöfnun eins og tíðkast í spilavítum erlendis. Háskólinn hefur með þessu móti náð ráðandi stöðu, nú um 80% af heildarmarkaði og tekjuflutningur frá almannaeillafélögum til ríkisins í gegnum Happpdrætti Háskólans er rúmar 3.000 milljónir einungis á árinu 2024. Íslandsspil hafa árum saman óskað eftir leiðréttingu á þessari óeðlilegu samkeppnisstöðu. Það er mat félagsins að starfsemin sé best komin í höndum almannaeillafélaga án samkeppni við ríkið.

Samkvæmt íslenskum lögum hafa einungis tiltekin íslensk almannaeillafélög heimild til að bjóða peningaspil, þ.m.t. spilakassa, lottó og getraunir á Íslandi. Í skjóli aðgerðaleysis stjórnvalda hefur starfsemi ólöglegra og eftirlitslausra erlendra aðila sem bjóða upp á peningaleiki og veðmál á netinu án nokkurra takmarkana fengið að viðgangast árum saman.

Þrátt fyrir að starfsemi erlendra vefsíðna með fjárfættuspil sé ólögleg á Íslandi má leiða að líkum, samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum, að Íslendingar eyði rúmlega 20 milljörðum króna í fjárhættuspil árlega á þessum erlendu veðmálasíðum. Hvorki eru greiddir skattar né opinber gjöld hér á landi af hagnaði þessara fyrirtækja, sem sum hver eru skráð í erlendum skattaskjólum. Þessar veðmálasíður eru í beinni samkeppni við lögmæta starfsemi sem hefur það að markmiði að stuðla að samfélagslegum verkefnum í þágu íslensks samfélags.

Staðan er grafalvarleg og íslensk yfirvöld þurfa að marka sér tafarlaust stefnu um framtíðarfyrirkomulag á innlendri spilun og netspilun. Íslandsspil hafa talað fyrir upptöku spilakorts að norrænni fyrirmynd. Skilyrði þess að slík spilakort nái tilætluðum árangri en að þau nái yfir alla spilun, þ.m.t. erlendar netsíður.

Hjá Íslandsspilum starfa sex starfsmenn, tvær konur og fjórir karlar. Stjórn Íslandsspila er skipuð tveimur konum og þremur körlum.

Eigendur í árslok voru tveir talsins eins og í upphafi árs. Í árslok skiptust eignarhlutir í félaginu með eftirfarandi hætti:

	Eignarhluti
Rauði krossinn á Íslandi	68,75%
Slysavarnafélagið Landsbjörg	31,25%

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslandsspila sf. staðfesta hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Kópavogur, 27. mars 2025

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Íslandsspila sf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Íslandsspila sf. („félagið“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að búa að álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykavík, 27. mars 2025

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Tekjur af söfnunarkössum		1.034.184.836	1.046.793.554
Aðrar tekjur		7.856.490	709.248
		<u>1.042.041.326</u>	<u>1.047.502.802</u>
Rekstrargjöld			
Laun og annar starfsmannakostnaður	2	100.597.238	97.202.000
Annar rekstrarkostnaður		346.689.360	349.963.992
Afskriftir	3	49.768.962	62.502.618
		<u>497.055.560</u>	<u>509.668.610</u>
Rekstrarhagnaður		544.985.766	537.834.192
Fjármunatekjur		14.976.773	9.338.618
Fjármagnsgjöld	(	503.581)	(538.202)
Gengismunur	(	37.663)	(50.548)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals		<u>14.435.529</u>	<u>8.749.868</u>
Hagnaður ársins	5	<u>559.421.295</u>	<u>546.584.060</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir:			
Söfnunarkassar		293.272.485	135.268.285
Fasteign		13.728.579	14.399.377
Áhöld og tæki		75.222	75.222
Bifreiðar		9.780.852	13.546.299
	3	316.857.138	163.289.183
Aðrar eignir:			
Sjóðir eftirlits- og umboðsmanna		2.750.000	2.750.000
Varasjóður	5	71.722.076	65.163.993
		74.472.076	67.913.993
Fastafjármunir samtals		391.329.214	231.203.176
Veltufjármunir			
Kröfur vegna söfnunarkassa		8.621.411	18.270.763
Aðrar skammtímaskröfur		31.395.334	34.625.546
Handbært fé		225.085.625	160.241.336
Veltufjármunir samtals		265.102.370	213.137.645
Eignir samtals		656.431.584	444.340.821
Eigið fé			
Höfuðstóll	5	393.302.935	348.296.642
Eigið fé samtals		393.302.935	348.296.642
Skammtímaskuldir			
Skuld við eigendur		50.000.000	47.000.001
Ógreidd umboðslaun		20.392.097	18.915.216
Aðrar skammtímaskuldir		192.736.552	30.128.962
Skammtímaskuldir samtals		263.128.649	96.044.179
Skuldir samtals		263.128.649	96.044.179
Eigið fé og skuldir samtals		656.431.584	444.340.821

Sjóðstreymisyfirlit árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	5	559.421.295	546.584.060
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	(	1.377.728)	(359.248)
Afskriftir	3	49.768.962	62.502.618
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur af sjóðum		0	0
Veltufé frá rekstri		607.812.529	608.727.430
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, hækkun		12.879.564	(16.074.713)
Skammtímaskuldir, hækkun	(	1.016.569)	8.840.259
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		11.862.995	(7.234.454)
Handbært fé frá rekstri		619.675.524	601.492.976
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	3	(40.058.149)	(6.994.500)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		3.200.000	950.000
Lagt í varasjóð á árinu	(	6.558.083)	(5.449.306)
Fjárfestingarhreyfingar	(	43.416.232)	(11.493.806)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiðslur til eigenda	(	511.415.003)	(557.190.010)
Fjármögnunarhreyfingar	(	511.415.003)	(557.190.010)
Hækkun á handbæru fé		64.844.289	32.809.160
Handbært fé í årsbyrjun		160.241.336	127.432.176
Handbært fé í lok ársins		225.085.625	160.241.336
Hreyfingar án greiðsluáhrifa			
Skammtímaskuldir		165.101.040	0
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(	165.101.040)	0

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

(ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Söfnunarkassar	6-7 ár
Fasteign	50 ár
Áhöld og innréttingar	5-7 ár
Bifreiðar	6-7 ár

c. Skammtíma kröfur

Kröfur vegna söfnunarkassa eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Engin gjaldfærsla var færð á árinu vegna krafna. Niðurfærslan, sem nam í árslok 1,3 millj. kr., er dregin frá kröfunum í efnahagsreikningi.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2024	2023
Laun	79.767.271	76.563.195
Mótframlag í lífeyrissjóð	10.673.434	10.196.367
Launatengd gjöld	10.156.533	10.442.438
Laun og annar starfsmannakostnaður samtals	100.597.238	97.202.000
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf	6,6	6,5

Skýringar, frh.:

3. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir, greinast þannig:

	Söfnunar- kassar	Fasteign	Áhöld og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Heildarverð 1.1.2023	944.755.535	33.539.898	752.614	19.017.877	998.065.924
Keypt á árinu	0	0	0	6.994.500	6.994.500
Selt á árinu	0	0	0	(4.296.363)	(4.296.363)
Heildarverð 1.1.2024	944.755.535	33.539.898	752.614	21.716.014	1.000.764.061
Keypt á árinu	205.159.189	0	0	0	205.159.189
Selt á árinu	0	0	0	(4.417.630)	(4.417.630)
Heildarverð 31.12.2024	1.149.914.724	33.539.898	752.614	17.298.384	1.201.505.620
Afskrifað 1.1.2023	749.386.937	18.469.723	677.392	10.143.819	778.677.871
Afskrift færð út	0	0	0	(3.705.611)	(3.705.611)
Afskrifað á árinu	60.100.313	670.798	0	1.731.507	62.502.618
Afskrifað 1.1.2024	809.487.250	19.140.521	677.392	8.169.715	837.474.878
Afskrift færð út	0	0	0	(2.595.358)	(2.595.358)
Afskrifað á árinu	47.154.989	670.798	0	1.943.175	49.768.962
Afskrifað samtals 31.12.2024	856.642.239	19.811.319	677.392	7.517.532	884.648.482
Bókfært verð 1.1.2023	195.368.598	15.070.175	75.222	8.874.058	219.388.053
Bókfært verð 31.12.2023	135.268.285	14.399.377	75.222	13.546.299	163.289.183
Bókfært verð 31.12.2024	293.272.485	13.728.579	75.222	9.780.852	316.857.138
Afskriftahlutföll	15%	2%	15-20%	15%	

4. Fasteignamat og vátryggingarverð

Fasteignamat fasteignar nam 222,3 millj. kr. í árslok og brunabótamat 222,3 millj. kr. Vátryggingarverðmæti bifreiða, áhalda og tækja nam 1.408 millj. kr. í árslok 2023.

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	2024	2023
Eigið fé í ársbyrjun	348.296.642	360.902.592
Ráðstafað til eigenda	(514.415.002)	(559.190.010)
Hagnaður ársins	559.421.295	546.584.060
Eigið fé í árslok	393.302.935	348.296.642

Ráðstöfunartekjum er skipt á milli eigenda samkvæmt samkomulagi þeirra á milli eftir að tekið hefur verið tillit til fjárhæðar sem lögð er í varasjóð. Skiptingin var eins og hér segir:

		2024	2023
Rauði krossinn á Íslandi	68,7%	353.660.313	384.443.130
Slysavarnafélagið Landsbjörg	31,3%	160.754.689	174.746.880
	100,0%	514.415.002	559.190.010

6. Skuldbindingar

Árið 2018 var gerður þjónustu samningur vegna tölvukerfis til ársins 2027. Skuldbinding vegna samninganna eru áætlaðar um 147 milljónir í árslok 2024.